



Efnisyfirlit:

Áherslur í kennslu, hlutverk heimilis og námsmat í lestri

Bekkir	Bls.
1. bekkur	2
2. bekkur	2
3. bekkur	3
4. bekkur	4
5. bekkur	5
6. bekkur	6
7. bekkur	7
 Áherslur og kennsluaðferðir í lestri	 8
 Skilgreiningar á námsmati í lestri	 10
 Greiningarpróf	 12

Áherslur í lestrarkennslu

Árangur í lestri byggir á samþættingu margra þátta. Grundvöllur árangurs í lestrarnámi er að leggja jafna áherslu á talað mál, hlustun, lestur, stafsetningu og ritun. Orðaforði, málþroski og reynsluheimur nemenda eru undirstaða lesskilnings.

1. bekkur

Áherslur í kennslu

Hljóðlestraraðferð er lögð til grundvallar lestrarkennslu í 1.bekk. Hugmyndir úr öðrum kennsluaðferðum eru einnig nýttar. Áhersla er lögð á undirstöðuatriði lestrar eftir aðferðum *Varða og vegvísa (123skoli.is)* og eru allir stafirnir lagðir inn fyrir áramót í hringekjuformi. Nemendum er skipt í hópa þar sem fjölbreytt þjálfun fer fram út frá þeim stöfum sem lagðir eru inn í byrjun hverrar viku. Nemendur fá allir a.m.k eina lestrarbók á viku heim. Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir, unnið er með tengsl stafs og hljóðs, leshraða, lestraröryggi og lesskilning. *Orð af orði*, er kennsluaðferð sem er í öllum námsgreinum og miðar að því m.a. að auka orðaforða, lesskilning og yndislestur. Hver nemandi les reglulega í skólanum. Umsjónarkennari skipuleggur lestrarkennsluna í sínum bekk og kynnir fyrir foreldrum á haustfundi. Haldinn er kynningarfundur fyrir foreldra að hausti á grunnþáttum lestrar, hvaða lestraraðferð er beitt í kennslunni og hvert hlutverk foreldra er gagnvart nemendum í lestrarkennslunni. Lesið er fyrir nemendur í nestistímum.

Hlutverk heimilis

Foreldrar þurfa að styðja við lestrarnám barna sinna að lágmarki 15 mínútur á dag, 5x í viku. Það gera þeir með því að vinna með barninu þar sem það er statt í lestrarnáminu. Mikilvægt er að lesa reglulega fyrir barnið og ræða innihald textans, útskýra erfið orð og álykta um hvað gæti gerst næst.

Námsmat

Að vori taka allir nemendur í leikskólum Garðabæjar málþroskaprófið HLJÓM-2, talmeinafræðingur leggur fyrir þá málþroskakönnun. Niðurstöður eru kynntar í skólanum að hausti.

Umsjónarkennarar leggja *Leið til læsis* – lestrarskimun fyrir alla nemendur árgangsins að hausti. Deildarstjórar og allir sem koma að lestrarkennslunni skipuleggja lestrarkennsluna út frá stöðu nemenda. Í nóvember og að vori er *Leið til læsis* samfelldur texti og sjónrænn orðaforði lagður fyrir. Einnig er lögð fyrir stafakönnun fyrir alla nemendur í nóvember.

2. bekkur

Áherslur í kennslu

Í lestrarkennslunni er áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Unnið er jafnhliða með lestur, frásögn, stafsetningu og ritun. Lesskilningur er m.a. eflur með því að vinna með hugtök, efla orðaforða og ályktunarhæfni nemenda. Hver nemandi les reglulega í skólanum. Lesið er fyrir nemendur í nestistíma. *Orð af orði*, er kennsluaðferð sem er í öllum greinum og miðar að því m.a. að auka orðaforða, lesskilning og yndislestur. Fjölbreytt verkefni og leiðbeiningar samkvæmt

Vörðum og vegvísunum (123skoli.is) eru einnig notuð. Nemendur sem eru verulega undir viðmiði árgangsins eiga kost á fjögurra vikna lestrarnámskeiði. Deildarstjóri sérkennslu ásamt sérkennara heldur kynningarfund fyrir foreldra í október og nemendur vinna námsefni heima. Hver kennari skipuleggur lestrarkennsluna í sínum bekk og kynnir fyrir foreldrum á kynningarfundum að hausti.

Hlutverk heimilis

Foreldrar þurfa að styðja við lestrarnám barna sinna að lágmarki 15 mínútur á dag, 5x í viku. Það gera þeir með því að vinna með barninu þar sem það er stadd í lestrarnáminu. Mikilvægt er að lesa reglulega fyrir barnið og ræða innihald textans, útskýra erfið orð og álykta um hvað gæti gerst næst.

Námsmat

Raddlestrarpróf

Allir nemendur taka raddlestrarpróf a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu þ.e. í ágúst, nóvember/desember og maí. Nemendur sem lesa undir 100 atkvæðum eru auk þess prófaðir í október og febrúar/mars. Niðurstöður prófanna eru gefnar í fjölda lesinna atkvæða á mínútu og lestrarnákvæmni. Nemendur fá auk þess umsögn í desember og júní. Sérkennari prófar í ágúst, febrúar/mars og maí en umsjónarkennari í október og nóvember/desember. Námsmat er birt í námsframvindu í desember og júní en í verkefnabók í Mentor á öðrum tímum.

Aston Index stafsetning

Sérkennari leggur prófið fyrir alla nemendur í skólabyrjun og vinnur úr niðurstöðunum ásamt umsjónarkennara. Árangur er birtur í verkefnabók í Mentor. Í apríl er prófið lagt aftur fyrir þá nemendur sem fá minna en 14/20 rétt að hausti. 3. bekkur Áherslur í kennslu

Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Unnið er jafnhliða með lestur og ritun. Lesskilningur er efldur með því að vinna með hugtök, auka orðaforða og ályktunarhæfni nemenda. Nemendur lesa reglulega í skólanum og lesið er fyrir þá í nestistímum. Unnið er með *Orð af orði*, sem er kennsluaðferð sem hægt er að nota í öllum greinum og miðar að því m.a. að auka orðaforða, lesskilning og yndislestur. Fjölbreytt verkefni og leiðbeiningar af *Vörðum og vegvísunum (123skoli.is)* eru einnig notuð. Nemendur sem eru verulega undir viðmiði árgangsins eiga kost á fjögurra vikna lestrarnámskeiði. Deildarstjóri sérkennslu og sérkennari halda kynningarfund fyrir foreldra í janúar og nemendur vinna námsefni heima. Hver kennari skipuleggur lestrarkennsluna í sínum bekk og kynnir fyrir foreldrum á haustfundi.

3. bekkur

Áherslur í kennslu

Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Unnið er jafnhliða með lestur og ritun. Lesskilningur er efldur með því að vinna með hugtök, auka orðaforða og ályktunarhæfni nemenda. Nemendur lesa reglulega í skólanum og lesið er fyrir þá í nestistímum. Unnið er með *Orð af orði*, sem er kennsluaðferð sem hægt er að nota í öllum greinum og miðar að því m.a. að auka orðaforða, lesskilning og yndislestur. Fjölbreytt verkefni og leiðbeiningar af *Vörðum*

og vegvísu (123skoli.is) eru einnig notuð. Nemendur sem eru verulega undir viðmiði árgangsins eiga kost á fjögurra vikna lestrarnámskeiði. Deildarstjóri sérkennslu og sérkennari halda kynningarfund fyrir foreldra í janúar og nemendur vinna námsefni heima. Hver kennari skipuleggur lestrarkennsluna í sínum bekk og kynnir fyrir foreldrum á haustfundi.

Hlutverk heimilis

Hlutverk foreldra er að styðja við lestrarnám barna sinna með því að hlusta á þau lesa að lágmarki 15 mínútur á dag, 5x í viku. Mikilvægt er að foreldrar séu þátttakendur í lestrarnámi barnanna og gefi sér tíma til að ræða innihald þess sem lesið er, útskýra erfið orð og álykta um hvað gæti gerst næst.

Námsmat

Raddlestrarpróf

Allir nemendur taka raddlestrarpróf a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu þ.e. í ágúst, nóvember/desember og maí. Nemendur sem lesa undir 155 atkvæðum eru auk þess prófaðir í október og febrúar/mars. Niðurstöður prófanna eru gefnar í fjölda lesinna atkvæða á mínútu og lestrarnákvæmni. Nemendur fá auk þess umsögn í desember og júní. Sérkennari prófar í ágúst, febrúar/mars og maí en umsjónarkennari í október og nóvember/desember. Námsmat er birt í námsframvindu í desember og júní en í verkefnabók í Mentor á öðrum tímum.

Lesskilningspróf

Umsjónarkennari leggur lesskilningsprófið *Orðarún* fyrir alla nemendur í nóvember og maí. Sérkennari og umsjónarkennari taka sameiginlega ákvörðun um hvaða frávíkspjónustu nemendur með alvarlega lestrarörðugleika fá. Námsmatið er birt í verkefnabók í Mentor hverju sinni þar sem sundurliðað er hver staða nemandans er í orðaforða-, ályktunar og staðreyndasprungum. Heildareinkunn er birt á vitnisburðarblaði í desember og júní.

Aston Index stafsetning

Sérkennari leggur prófið fyrir alla nemendur 3. bekkjar í skólabyrjun og vinnur úr niðurstöðunum ásamt umsjónarkennara. Árangur er birtur í verkefnabók í Mentor. Í apríl er prófið lagt aftur fyrir þá nemendur sem fá minna en 14/20 rétt að hausti.

4. bekkur

Áherslur í kennslu í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Unnið er jafnhliða með lestur og ritun. Lesskilningur er efldur með því að vinna með hugtök, auka orðaforða og ályktunarhæfni nemenda. Nemendur lesa reglulega í skólanum. Unnið er með *Orð af orði*, sem er kennsluaðferð sem hægt er að nota í öllum greinum og miðar að því m.a. að auka orðaforða, lesskilning og yndislestur. Fjölbreytt verkefni og leiðbeiningar af *Vörðum og vegvísu (123skoli.is)* eru einnig notuð. Hver kennari skipuleggur lestrarkennsluna í sínum bekk og kynnir fyrir foreldrum á kynningarfundum að hausti. Lesið er fyrir nemendur í nestistímum.

Hlutverk heimilis

Hlutverk foreldra er að styðja við lestrarnám barna sinna með því að hlusta á þau lesa að lágmarki 15 mínútur á dag, 5x í viku. Mikilvægt er að foreldrar séu þátttakendur í lestrarnámi barnanna og gefi sér tíma til að ræða innihald þess sem lesið er, útskýra erfið orð og álykta um hvað gæti gerst næst.

Námsmat

Raddlestrarpróf

Allir nemendur taka raddlestrarpróf a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu þ.e. í ágúst, nóvember/desember og maí. Nemendur sem lesa undir 185 atkvæðum eru auk þess prófaðir í október og febrúar/mars. Niðurstöður prófanna eru gefnar í fjölda lesinna atkvæða á mínútu og lestrarnákvæmni. Nemendur fá auk þess umsögn í desember og júní. Sérkennari prófar í ágúst, febrúar/mars og maí en umsjónarkennari í október og nóvember/desember. Námsmat er birt á vitnisburðarblaði í desember og júní en í verkefnabók í Mentor á öðrum tímum.

Lesskilningspróf

Umsjónarkennari leggur lesskilningsprófið *Orðarún* fyrir alla nemendur í nóvember og apríl. Sérkennari og umsjónarkennari taka sameiginlega ákvörðun um hvaða frávíkspjónustu nemendur með alvarlega lestrarörðugleika fá. Námsmatið er birt í vekrefnabók í Mentor hverju sinni þar sem sundurliðað er hver staða nemandans er í orðaforða, ályktunar og staðreyndasurningum. Heildareinkunn er birt á vitnisburðarblaði í desember og júní.

Samræmd próf

Allir nemendur í 4. bekk taka samræmd próf í íslensku í september. Deildarstjórar og kennarar sem koma að kennslu nemenda fara yfir niðurstöður prófanna og bregðast við árangri einstakra nemenda.

Aston Index stafsetning

Sérkennari leggur prófið fyrir alla nemendur í skólabyrjun og les úr niðurstöðunum ásamt umsjónarkennara. Árangur er birtur í verkefnabók í Mentor. Í apríl er prófið lagt aftur fyrir þá nemendur sem fá minna en 14/20 rétt að hausti.

5. bekkur

Áherslur í kennslu

Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Unnið er jafnhliða með lestur og ritun. Lesskilningur er eflur með því að vinna með ýmis hugtök, auka orðaforða og ályktunarhæfni nemenda. Hver kennari skipuleggur lestrarkennsluna í sínum bekk og kynnir fyrir foreldrum á kynningarfundum að hausti. Unnið er með *Orð af orði*, sem er kennsluaðferð sem hægt er að nota í öllum greinum og miðar að því m.a. að auka orðaforða, lesskilning og yndislestur. Leiðbeiningartextar í Vörðum og vegvísunum eru einnig notaðir í ritun, framsögn og málfræði. Lesið er fyrir nemendur í nestistímum.

Hlutverk heimilis

Hlutverk foreldra er að styðja við lestrarnám barna sinna með því að fylgjast með að þau lesi a.m.k. 15 mínútur á dag. Þeir nemendur sem lesa 160 atkvæði eða minna

eiga að lesa í fimm mínútur upphátt fyrir foreldra sína fimm sinnum í viku. Mikilvægt er að foreldrar séu þátttakendur í lestrarnámi barnanna og gefi sér tíma til að ræða innihald þess sem lesið er, útskýra erfið orð og álykta um hvað gæti gerst næst.

Námsmat

Raddlestrarpróf

Allir nemendur taka raddlestrarpróf a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu þ.e. í ágúst, nóvember/desember og maí. Nemendur sem lesa undir 200 atkvæðum eru auk þess prófaðir í október og febrúar/mars. Niðurstöður prófanna eru gefnar í fjölda lesinna atkvæða á mínútu og lestrarnákvæmni. Nemendur fá auk þess umsögn í desember og júní. Sérkennari prófar í ágúst, febrúar/mars og maí en umsjónarkennari í október og nóvember/desember. Námsmat er birt á vitnisburðarblaði í desember og júní en í verkefnabók í Mentor á öðrum tímum.

Lesskilningspróf

Umsjónarkennari leggur lesskilningsprófið *Orðarún* fyrir alla nemendur í nóvember og maí. Sérkennari og umsjónarkennari taka sameiginlega ákvörðun um hvaða frávíkspjónustu nemendur með alvarlega lestrarörðugleika fá. Námsmatið er birt í verkefnabók í Mentor hverju sinni þar sem sundurliðað er hver staða nemandans er í orðaforða, ályktun og meginefni. Heildareinkunn er birt á vitnisburðarblaði í desember og júní.

Framsagnarpróf

Í nóvember og maí taka allir nemendur framsagnarpróf. Umsjónarkennari og sérkennari taka ákvörðun í samráði við nemendur með sértæka lesröskun um hvort þeir þreyti framsagnarpróf. Umsjónarkennari ásamt prófdómara prófa í 5. bekk. Námsmatið er birt í námsframvindu í Mentor.

Aston Index stafsetning

Sérkennari leggur prófið fyrir alla nemendur í skólabyrjun og les ásamt umsjónarkennara úr niðurstöðunum. Árangur er birtur í verkefnabók í Mentor. Í apríl eru allir nemendur sem fengu undir 14/20 að hausti prófaðir aftur.

6. bekkur

Áherslur í kennslu

Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Í kennslunni reynir á að nemendur geti leitað sér þekkingar í gegnum lestur og því vinna þeir fjölbreytt verkefni sem reyna á lesskilning og ritun. Hver kennari skipuleggur lestrarkennsluna í sínum bekk og kynnir fyrir foreldrum á kynningarfundum að hausti. Unnið er með *Orð af orði*, sem er kennsluaðferð sem hægt er að nota í öllum greinum og miðar að því m.a. að auka orðaforða, lesskilning og yndislestur. Leiðbeiningartextar í *Vörðum og veggvísunum* eru einnig notaðir í ritun og framsögn.

Hlutverk heimilis

Hlutverk foreldra er að styðja við lestrarnám barna sinna með því að fylgjast með því að þau lesi a.m.k. 15 mínútur á dag. Þeir nemendur sem lesa 170 atkvæði eða minna eiga að lesa í fimm mínútur upphátt fyrir foreldra sína fimm sinnum í viku. Mikilvægt er að foreldrar séu þátttakendur í lestrarnámi barnanna og gefi sér tíma til að ræða innihald þess sem lesið er, útskýra erfið orð og álykta um hvað gæti gerst næst.

Námsmat

Raddlestrarpróf

Allir nemendur taka raddlestrarpróf a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu þ.e. í ágúst, nóvember og maí. Nemendur sem lesa undir 200 atkvæðum eru auk þess prófaðir í október og febrúar/mars. Niðurstöður eru gefnar í fjölda lesinna atkvæða á mínútu og lestrarnákvæmni. Nemendur fá auk þess umsögn um lesturinn í desember og júní. Sérkennari prófar í ágúst, febrúar/mars og maí en umsjónarkennari í október og nóvember/desember. Námsmat er birt á vitnisburðarblaði í desember og júní en í verkefnabók í Mentor á öðrum tímum.

Lesskilningspróf

Umsjónarkennari leggur lesskilningsprófið *Orðarún* fyrir alla nemendur í nóvember og maí. Sérkennari og umsjónarkennari taka sameiginlega ákvörðun um hvaða frávíkspjónustu nemendur með alvarlega lestrarörðugleika fá. Námsmatið er birt í vekrefnabók í Mentor hverju sinni þar sem sundurliðað er hver nemandans er í orðaforða, ályktun og meginefni. Heildareinkunn er birt á vitnisburðarblaði í desember og júní.

Framsagnarpróf

Í nóvember og maí taka allir nemendur framsagnarpróf. Umsjónarkennari og sérkennari taka ákvörðun í samráði við nemendur með sértæka lesröskun um hvort þeir þreyti framsagnarpróf. Umsjónarkennari ásamt prófdómara prófa í 6. bekk. Námsmatið er birt í námsframvindu í Mentor.

Aston Index stafsetning

Sérkennari leggur prófið fyrir alla nemendur í skólabyrjun og les ásamt umsjónarkennara úr niðurstöðum. Umsjónarkennari birtir foreldrum niðurstöðurnar. Þeir nemendur sem eru undir 14/20 fara aftur í prófið í apríl, niðurstöður eru birtar í verkefnabók í Mentor.

7. bekkur

Áherslur í kennslu

Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Kennslan felur í sér að nemendur geti leitað sér þekkingar í gegnum lestur og vinna þeir fjölbreytt verkefni sem reyna á lesskilning og ritun. Hver kennari skipuleggur lestrarkennsluna í sínum bekk og kynnir fyrir foreldrum á kynningarfundum að hausti. *Orð af orði*, er kennsluaðferð sem notuð er í öllum greinum og miðar að því m.a. að auka orðaforða, lesskilning og yndislestur.

Hlutverk heimilis

Hlutverk foreldra er að styðja við lestrarnám barna sinna með því að fylgjast með því að þau lesi a.m.k. 15 mínútur á dag. Þeir nemendur sem lesa 180 atkvæði eða minna eiga að lesa í fimm mínútur upphátt fyrir foreldra sína fimm sinnum í viku. Mikilvægt er að foreldrar séu þátttakendur í lestrarnámi barnanna og gefi sér tíma til að ræða innihald þess sem lesið er, útskýra erfið orð og álykta um hvað gæti gerst næst.

Námsmat**Raddlestrarpróf**

Nemendur lesa upphátt samfelldan texta fyrir kennara í einrúmi í tvær mínútur. Allir nemendur taka raddlestrarpróf a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu þ.e. í ágúst, nóvember/desember og maí. Nemendur sem lesa undir 200 atkvæðum eru auk þess prófaðir í október og febrúar/mars. Niðurstöður prófanna eru gefnar í fjölda lesinna atkvæða á mínútu og lestrarnákvæmni. Nemendur fá auk þess umsögn um lesturinn í desember og júní. Sérkennari prófar í ágúst, febrúar/mars og maí en umsjónarkennari í október og nóvember/desember. Námsmat er birt á vitnisburðarblaði í desember og júní en í verkefnabók í Mentor á öðrum tímum.

Lesskilningspróf

Umsjónarkennari leggur lesskilningsprófið *Orðarún* fyrir alla nemendur í nóvember og maí. Sérkennari og umsjónarkennari taka sameiginlega ákvörðun um hvaða frávíkspjónustu nemendur með alvarlega lestrarörðugleika fá. Námsmatið er birt í verkefnabók í Mentor hverju sinni þar sem sundurliðað er hver staða nemandans er í orðaforða, ályktun og meginefni. Heildareinkunn er birt á vitnisburðarblaði í desember og júní.

Framsagnarpróf

Framsagnarprófið er stuttur samfelldur texti úr sögubók og nokkur erindi ljóðs sem nemendur lesa upphátt fyrir framan bekkinn. Í nóvember og maí taka allir framsagnarpróf. Umsjónarkennari og sérkennari taka ákvörðun í samráði við nemendur með sértæka lesröskun hvort þeir þreyta framsagnarpróf. Umsjónarkennari ásamt prófdómara prófa í 7. bekk. Námsmatið er birt í námsframvindu í Mentor.

Samræmd próf

Allir nemendur í 7. bekk fara í samræmd próf í íslensku að hausti. Þegar niðurstöður liggja fyrir er staða nemenda metin. Þeir kennarar sem kenna íslensku og stærðfræði í 7. bekk fara yfir niðurstöður prófanna og meta hvernig skuli bregðast við árangri einstakra nemenda.

Aston Index stafsetning

Prófið er staðlað fyrir hvern árgang og eru lesnar upp 20 setningar og nemandi skrifar 20 orð eftir upplestri. Sérkennari leggur prófið fyrir alla nemendur í skólabyrjun og les ásamt umsjónarkennara úr niðurstöðum. Umsjónarkennari birtir foreldrum niðurstöðurnar.

Áherslur og kennsluaðferðir í lestri

Umsjónarkennarar birta markmið og leiðir hvers árgangs í Námsvísi og vinna samkvæmt því. Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að efla læsi nemenda, þar sem unnið er með lestur, frásögn, stafsetningu, ritun og hlustun. Mikilvæg leið að lesskilningi er að kenna nemendum að tileinka sér ákveðið lesskilningsferli svo sem athugun á útliti texta (titli, lengd, myndum og leturgerð). Í lestrinum er unnið með að spá fyrir um efni textans og tilgang, að reyna að gera sér grein fyrir því hvar í texta eigi að leita svara og að skima texta. Helstu aðferðir til að vinna með lesskilning eru KVL, gagnvirkur lestur, hugtakakort, PALS, SSLSR og *Orð af orði*. Vörður og

vegvísar eru leiðbeiningartextar sem notaðir eru í íslenskukennslu í öllum árgöngum skólans.

Orð af orði

Megináherslur í *Orði af orði* eru að auka orðaforða og orðvitund nemenda til að þeir geti nýtt orðaforða sinn á fjölbreyttan hátt og efli skilning í máli, lestri og námi. Fjölbreyttum leiðum er beitt, s.s. orð dagsins þar sem unnið er m.a. með hugtök eða málshætti. Kennarar eru krossglímur, fjölbreytt hugtakakort og samsetning orðabúta.

Vörður og vegvísar og 123skoli.is

Vörður og vegvísar eru leiðbeiningarspjöld til að hjálpa nemendum að skipuleggja frásögn og ritun, jafnframt eru verkefni til að vinna með málfræði. Hofsstaðaskóli er áskrifandi að *123skoli.is* en sá vefur byggir á hugmyndafræði *Varða og vegvísa*. Verkefni á *123skoli.is* eru lögð til grundvallar í lestrarkennslu nemenda í 1. og 2. bekk og stuðst er við þau áfram í 3. til 7. bekk.

KVL

KVL stendur fyrir það sem nemandi kann um efnið áður en lestur hefst, það sem hann vill vita og það sem hann hefur lært að lestri loknum. Áður en lestur hefst gerir kennarinn þrjá reiti á töfluna, K (kann), V (vil vita) og L (hef lært). Fyrst spyr kennarinn nemendur hvað þeir viti um efnisinnihaldið og skráir svör þeirra í K-reitinn, síðan aðstoðar hann þá við að búa til spurningar um það sem þeir vilja vita og skráir þær í V-dálkinn. Að lokum er textinn lesinn og það sem nemendur lærðu er skráð í L-dálkinn. Þegar nemendur eru orðnir öruggir á aðferðinni geta þeir unnið sjálfstætt.

Gagnvirkur lestur

Þegar gagnvirkur lestur er notaður í kennslu vinna nemendur saman, skiptast á hlutverkum og allir eru virkir. Einn les textann upphátt, næsti rifjar upp innihald þess sem lesið var og spyr hvort einhver hugtök þarfnist útskýringa. Þriðji nemandinn spyr svo spurninga um efnið og sá fjórði leitast við að svara þeim.

Hugtakakort

Hugtakakort eru gjarnan notuð til að vinna úr innihaldi bóka á myndrænan hátt. Unnið er út frá ákveðnum lykilhugtökum. Smærri undirhugtök flokkast svo undir þau þannig að þau gefa heildarmynd af innihaldi textans sem unnið er með. Dæmi um þetta er hugtakakort yfir lykilhugtakið Norðurlönd þar sem undirhugtökin eru öll Norðurlöndin og undirhugtök undir hvert Norðurland eru t.d. atvinnuvegur, fólksfjöldi, landslag o.s.frv.

SSLSR

Aðferðin byggir á fimm þrepum þ.e. að skoða, spyrja, lesa, segja frá og rifja upp. Á fyrsta þrepi **S**- skoðar nemandinn myndir, fyrirsagnir og annað til að átta sig á innihaldi textans, á öðru þrepi – **S** spyr hann spurninga úr efninu, á þriðja þrepi – **L** les hann texta til að svara spurningum, á fjórða þrepi – **S** endursegir hann efnið og á fimmta og síðasta þrepi –**R** rifjar hann upp innihald textans með aðstoð spurninga.

Hljóðlestur

Hljóðlestur er þegar nemandur lesa í hljóði. Helstu lestraraðferðir hljóðlestrar eru, nákvæmnislestur, yfirllestur og leitarlestur.

- **Nákvæmnislestur**

Nákvæmnislestur byggir á því að lesa hvert orð. Hraðinn er mismunandi eftir lesefninu. Mikilvægt er að nemandinn geri sér grein fyrir því hvers vegna hann er að lesa, að hann skoði uppbyggingu textans og leiti að lykilorðum sem auðvelda honum skilning. Með nákvæmnislestri þarf lesandinn að túlka og leggja mat á efnið og leshraðinn verður því minni en ella.

- **Yfirlestur**

Yfirlestur eða skimun er t.d. notaður við lestur tímarita og dagblaða. Lesandinn les þá oftast hratt og nær nokkurn veginn aðalatriðum textans.

- **Leitarlestur**

Leitarlestur er notaður til að finna ákveðnar upplýsingar í texta, t.d. í orðabók, verðlista eða símaskrá. Lesandinn rennir augunum yfir textann þar til hann finnur það sem hann leitar að.

Hraðlestur

Markmiðið með því að þjálfar nemendur í hraðlestri er að auka leshraða þeirra í nákvæmnislestri. Hraðlestur byggist á því að nemandinn reynir að lesa enn hraðar en hann er vanur. Hann getur t.d. endurlesið stuttan texta nokkrum sinnum og mælt hvað hraðinn eykst við endurtekninguna. Þegar þetta er gert er mikilvægt að merkja við villur og jafnvel skrifa niður rangt lesin orð til að festa réttitunina í minni.

PALS

Er lestrarkennsluaðferð þar sem tveir nemendur vinna saman, þeir skiptast á að lesa upphátt, hvor fyrir annan, draga ályktanir og spyrja spurninga og svara þeim. Lagt er upp úr því að þeir leiðbeini hvor öðrum og lesi rétt og sér til skilnings.

Lesskilningsverkefni

Í skólanum eru til fjölbreytt lesskilningsverkefni sem nemendur geta unnið sjálfstætt

Skilgreiningar á námsmati í lestri

Raddlestrarpróf

Markmið með raddlestrarprófi er að meta hversu hratt og nákvæmt nemandinn getur lesið upphátt, hvort hann tekur eðlilegum framförum og hvar hann stendur miðað við viðmið árgangsins. Lestrarnákvæmni telst viðunandi ef villur eru undir 3% af lesnum texta. Í niðurstöðum prófanna kemur alltaf fram hversu mörg atkvæði nemandinn las á mínútu og hversu nákvæmt hann las. Niðurstöður eru birtar í verkefnabók í Mentor.

Fyrirgjöf í raddlestrarprófi

Talinn er fjöldi rétt lesinna atkvæða á mínútu, samkvæmt eftirfarandi útreikningi:

- Ef einn stafur/hljóð er rangt lesið er allt orðið rangt, þ.e. öll atkvæði eru talin röng. - Dæmi: lækjarsprænuna > lækjasprænuna; ef r fellur brott inni í orði telst allt orðið rangt, þ.e. 5 atkvæði rangt lesin
- Ef kennari segir orð sem barnið kemur ekki frá sér telst orðið rangt

- Taka skal tillit til nemenda með framburðargalla og þeirra sem stama.
- Lestrarnákvæmni er reiknuð á eftirfarandi hátt:
 Fjöldi rangt lesinna atkvæða á tveimur mínútum deilt með fjölda lesinna atkvæða á tveimur mínútum x 100 = villuprósentu.

Viðmið árgangs – atkvæði á mínútu

	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.
Desember		100	155	185	210	220	230
Júní	60	100 - 134	155 – 170	185 - 200	210 - 220	220 - 230	230 - 250

Viðmið árgangs miðast við að 70% nemenda nái þeim.

Lesskilningsprófið Orðarún

Lesskilningsprófið *Orðarún* er staðlað próf sem lagt er fyrir 3. til 7. bekk í nóvember og júní. Það eru tveir samfelldir textar og 10 spurningar í hvorum texta, sem skipt er í ályktunar-, orðaforða- og staðreynda spurningar við hvorn texta. Þegar niðurstöður prófanna eru birtar kemur fram hver árangur nemenda er í öllum tegundum spurninga þ.e. ályktunar-, staðreynda- og orðaforða spurningum.

Leið til læsis

Prófið skimar lestrarfærni nemenda í 1. bekk. Markmið prófsins er tvíþætt: Annars vegar að finna þá nemendur sem kunna að eiga við lestrarörðugleika að stríða þegar fram líða stundir og hins vegar að veita kennurum upplýsingar um einstaka nemendur svo hægt sé að haga kennslu við hæfi. Prófið tekur tillit til þess að lestur er samsett færni sem byggir á mörgum þáttum. Prófið kannar hljóðkerfisvitund, umskráningu, málþroska og skilning. Tvö einstaklingspróf eru lögð fyrir í nóvember og maí, þ.e. sjónrænn orðaforði og samfelldur texti. Þessi próf eru stöðluð. Niðurstöður einstaklingsprófanna með samfellda textanum eru birtar í námsframvindu í Mentor.

Aston Index - Stafsetning stakra orða eftir upplestri

Um er að ræða eitt próf fyrir hvern árgang í 2.– 7. bekk. Lesnar eru 20 setningar fyrir nemendur og eiga þeir að skrifa eitt ákveðið orð úr hverri setningu. Niðurstöður eru birtar í verkefnabók í Mentor.

Framsagnarpróf

Umsjónarkennari ásamt prófdómara meta framsögn í 5. – 7. bekk.

Prófið er stuttur texti úr sögubók ásamt ljóði sem nemendur fá með sér heim daginn fyrir próf til að æfa sig. Nemendur lesa úr ræðupúlti.

Námsmat er birt í *Námsframvindu* í desember og júní þar sem eftirfarandi þættir eru metnir: Líkamsstaða, samband við áheyrendur, raddstyrkur, framburður og hæfilegur hraði. Gott flæði á texta, rétt lesið, áherslur og tónfall, lesið af sannfæringu lestur á ljóð af skilningi og miðlað af einlægni.

Greiningarpróf

LOGOS (staðlað próf) fyrir 3. – 10. bekk. Prófið er tölvutækt greiningarpróf sem metur hvort nemandi er með leshömlun (dyslexíu) eða aðra lestrarörðugleika.

Aston Index (staðlað próf) fyrir 2. – 7. bekk. Prófið metur lestrar-, stafsetningar- og málerfiðleika.

TOLD 2P og 2I málþroskapróf (staðlað próf) sem talmeinafræðingar og sérkennarar leggja fyrir einstaka nemendur. Prófið metur m.a. málþroska, málskilning og máltjáningu.

Hljóðfærni (staðlað próf) Prófið er lagt fyrir nemendur sem koma illa út úr *Leið til læsis* skimun. Það metur helstu þætti sem hafa áhrif á lestrarnám eins og rím, samtengingu, sundurgreiningu, hljóðgreiningu og orðhlutaeyðingu.